

Afrekssjóður Klifursambands Íslands

Starfsreglur

1. gr. Hlutverk

Afrekssjóður Klifursambands Íslands er sjóður til að styðja við afreksíþróttafólk og afreksefni sem hafa náð árangri í íþróttinni.

2. gr. Fjármagn

Fjárhæð sem veitt er í sjóðinn ár hvert er tilgreind í fjárhagsáætlun Klifursambands Íslands (KÍ). Stjórn KÍ hefur heimild til að veita viðbótarfjármögnun í sjóðinn á stjórnarfundi ef þörf er talin á því. Jafnframt geta samstarfsaðilar og styrktaraðilar KÍ sett viðbótarfjármagn í sjóðinn.

3. gr. Umsjón

Framkvæmdastjóri KÍ fer með umsjón sjóðsins. Hann heldur utanum þá einstaklinga sem náð hafa afreksviðmiðum og greiðir út styrki þegar viðkomandi einstaklingur fer í styrkhæfa ferð.

4. gr. Markmið

Markmið sjóðsins er eftirfarandi:

- Styðja við afreksíþróttafólk í klifri sem náð hafa afreksviðmiðum sem tilgreind eru hér fyrir neðan.
- Styðja við afreksefni í klifri sem náð hafa afreksviðmiðum sem tilgreind eru hér fyrir neðan.

5. gr. Skilyrði

- Styrkþegar skulu vera aðilar að KÍ.
- Styrkirnir eru í formi ferðastyrkja á mót og æfingaferðir sem eru á vegum KÍ. Styrkþegum er einnig heimilt að nýta styrkin fyrir önnur mót sem eru flokkuð sem A, B eða C mót samkvæmt afrekssstefnu KÍ.
- Einstaklingar hafa 12 mánuði frá deginum sem afrekið var unnið til þess að nýta ferðastyrkinn.
- Ferðin sem afrekið er unnið í er ekki styrkhæf fyrir þann afrekssstyrk sem viðkomandi vann sér inn með því afreki.
- Aðeins er úthlutað úr sjóðnum ef fjármagn er til staðar í honum. Ef sjóðurinn klárast í ferð þar sem fleiri einstaklingar óska eftir nýtingu afrekssstyrks en fjármagn er til þess að greiða þeim að fullu er restin af sjóðnum deilt á styrkhafana. Það telst samt sem áður sem einn ferðastyrkur á mann.

6. gr. Afreksviðmið fyrir ferðastyrki

Afrekssstyrkirnir eru í formi ferðastyrkja. Hver ferðastyrkur er 25.000 kr fyrir afrek sem unnin eru á Evrópustigi eða lægra keppnisstigi. Ferðastyrkir sem unnir eru á heimsstigi eru 50.000 kr. Hægt er að fá mismarga ferðastyrki þegar afrek eru unnin. Ef einstaklingur nær afreki í tveimur flokkum með sama klifrinu gildir afrekið sem veitir fleiri styrki, s.s. það er ekki tvítalið. Afreksviðmiðin eru eftirfarandi:

- Íslandsmeistarar í opnum flokki: 2x 25.000 kr.
- Topp 8 í opnum flokki á NM: 2x 25.000 kr.
- Topp 3 í opnum flokki á NM: 4x 25.000 kr.
- Topp 8 í unglingsflokkum á NM: 2x 25.000 kr.
- Topp 3 í unglingsflokkum á NM: 4x 25.000 kr.
- T32 (ef 40 eða færri þátttakendu; þá T28) í unglingsflokkum á Evrópu- eða heimsvettvangi: 2x 25.000 kr. T25 (ef 30 eða færri þátttakendu; þá T20): 4x T12 6x
- Topp 24 (ef 30 eða færri þátttakendu, þá T20; ef 25 eða færri þá T16) í fullorðinsflokki á Evrópustig: 8x 25.000 kr.

- Topp 24 (ef 30 eða færri þátttakendu, þá T20; ef 25 eða færri þá T16) í fullorðinsflokki á heimsstigi: 8x 50.000 kr.
- Topp 16 í opnum flokki á sterku alþjóðlegu móti (t.d. CWIF eða Bloc Masters) sem er á mótadagskrá KÍ: 6x 25.000 kr.
- Sigur á erlendu móti á landsvettvangi í opnum flokki (t.d. Svíþjóðarmeistaramót eða danskt bikarmót) sem er á mótadagskrá KÍ: 1x 25.000 kr.

7. gr. Úthlutanir og umsóknir

Iðkandi þarf að óska eftir úthlutun úr sjóðnum miðað við þá ferðir sem voru styrkhæfar á tímabilinu. Allar umsóknir þurfa að berast með tölvupósti á framkvæmdastjóra KÍ (klifursamband@klifursamband.is). Í umsókn þarf að koma fram nafn, kennitala og reikningsnúmer iðkanda. Þá þarf að gefa yfirlit yfir þær ferðir sem farnar voru á tímabilinu sem eru styrkhæfar. Ef leggja á styrkinn inn á reikning forráðamanns skal koma fram kennitala og reikningsnúmers viðkomandi.

Úthlutað er úr sjóðnum í júní fyrir mót sem haldin voru í desember-maí og í desember fyrir mót sem voru haldin í júní-nóvember.

Umsóknarfrestur fyrir tímabilið desember-maí er 1. júní og tímabilið júní-nóvember er 1. desember ár hvert.

Hægt er að fá undanþágu til þess að sækja mót sem eru ekki á mótadagskrár KÍ en það þarf að sækja um það sérstaklega með því að senda póst á framkvæmdastjóra KÍ á klifursamband@klifursamband.is.

Ef óljóst er hvort ákveðin ferð sé styrkhæf getur framkvæmdarstjóri lagt fram málið til stjórnna KÍ sem tekur ákvörðun um hvort veittur verður styrkur fyrir ferðinni.

8. gr. Kynningarmál

Upplýsingar um sjóðinn skulu vera á heimasíðu Klifursambands Íslands.

9. gr. Gildistími

Starfsreglur þessar taka gildi þegar stjórn KÍ hefur staðfest þær og gilda þar til stjórn KÍ ákveður annað.

Samþykkt af stjórn KÍ þann 20. mars 2025.